

Þorskeldi ehf.
Hömrúm 12
765 Djúpivogur

Akureyri, 9. júní 2020
UST202003-299/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Lokunareftirlit 2020 - Þorskeldi - Stöðvarfjörður

Þann 15. maí sl. fór fram lokunareftirlit í fiskeldisstöð Þorskeldis, Stöðvarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi og engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

Virðingarfyllt

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Þorskeldi ehf. Stöðvarfjörður



Dags eftirlits	15.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Þorskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hömrum 12	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	451103-3420	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Elís H. Grétarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila gildi til 9. febrúar 2019. Er það því runnið úr gildi og er þetta lokaeftirlit starfsleyfisins. Engar eldiskvíar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti, þann 10. október 2018. Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í starfsleyfinu var heimild til eldis á allt að 199 tonnum af þorski á ári. Rekstraraðili hafði leyfi til útsetningu kvía á einni staðsetningu í Stöðvarfirði en staðsetning hnita koma ekki fram í starfsleyfi. Er kvíasvæð innanlega og til miðja vegu í firðinum.

Litið var yfir kvíastæði fiskeldisins þann 15. maí sl. í ágætu veðri og skyggni var gott. Kvíar sem enn voru úti við síðasta eftirlit hafa verið fjarlægðar. Engar kvíar sáust á svæðinu og enginn rekstur merkjanlegur. Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti í símtali þann 4. maí sl. að ekkert fiskeldi er í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins og hefur ekki verið frá síðasta eftirliti árið 2018.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi og engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Starfsleyfið er innan marka stærðarákvæðis fyrir skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi og er því ekki krafa um skil á þeim upplýsingum til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.06.2020


Guðbjörg Stella Árnadóttir